

Kolviður, sjóður
Ársreikningur 2016

Kolviður, sjóður
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 560606-1170

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar

Kolviður er sjóður sem var stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd árið 2006. Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus. Sjóðurinn hvetur til að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda af fremsta megni og kolefnibindingar í jarðvegi og gróðri fyrir þá losun sem óhjákvæmileg er.

Á árinu 2016 var hagnaður af rekstri sjóðsins samkvæmt rekstrarreikningi að fjárhæð 12.521 þús. kr. Eigið fé nam 21.276 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í árslok.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum á árinu 2016. Ekki voru greidd laun til stjórnar sjóðsins.

Stjórn Kolviðar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. október 2017.

Reynir Stefánsson
Ludmilla Þingbjörg Þorbrandsson
Sinnor Gunnarsdóttir
Magni Gunnarsen
Anna G. Sveinisdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kolviðar

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kolviðar ("sjóðurinn") fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2016 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 30. október 2017.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Kolefnisjöfnun		10.298.869	5.207.674
Rekstrargjöld			
Kostnaður og breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar	2	(4.069.373)	853.781
Annar rekstrarkostnaður	3	2.493.353	2.428.827
Afskriftir	1,4	72.962	364.806
		<u>(1.503.058)</u>	<u>3.647.414</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		11.801.927	1.560.260
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		341.529	63.241
Gengismunur		(35.201)	(20.448)
Gengisbreyting markaðsverðbréfa		412.451	1.063.857
		<u>718.779</u>	<u>1.106.650</u>
Hagnaður ársins		<u>12.520.706</u>	<u>2.666.910</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Hugbúnaður		109.442	182.404
Fastafjármunir samtals	1,4	<u>109.442</u>	<u>182.404</u>
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	5	2.522.187	3.310.201
Markaðsverðbréf	6	11.464.753	10.284.886
Handbært fé		14.013.042	7.387.301
Veltufjármunir samtals		<u>27.999.982</u>	<u>20.982.388</u>
Eignir samtals		<u><u>28.109.424</u></u>	<u><u>21.164.792</u></u>
Eigið fé			
Stofnframlag		647.000	647.000
Tryggingasjóður		2.284.936	1.769.993
Óráðstafað eigið fé		18.344.460	6.338.697
Eigið fé samtals	7	<u>21.276.396</u>	<u>8.755.690</u>
Langtímaskuldbindingar			
Skuldbinding vegna gróðursetningar	8	<u>1.386.456</u>	<u>6.642.000</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldbinding vegna gróðursetningar	8	1.275.676	5.764.621
Fyrirframinnheimtar tekjur		1.500.000	0
Viðskiptaskuldir		2.670.594	0
Aðrar skammtímaskuldir		302	2.481
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.446.572</u>	<u>5.767.102</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>28.109.424</u></u>	<u><u>21.164.792</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		12.520.706	2.666.910
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		72.962	364.806
(Lækkun) hækkun skuldbindingar vegna gróðursetningar	(9.744.489)	238.855
Matsbreyting markaðsverðbréfa	(412.451)	(1.063.857)
Veltufé frá rekstri		<u>2.436.728</u>	<u>2.206.714</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		788.014	(172.482)
Skammtímaskuldir, hækkun		4.168.415	2.481
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>4.956.429</u>	<u>(170.001)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>7.393.157</u>	<u>2.036.713</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keypt og seld verðbréf	(767.416)	1.442.469
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>767.416)</u>	<u>1.442.469</u>
Breyting á handbæru fé		6.625.741	3.479.182
Handbært fé í ársbyrjun		<u>7.387.301</u>	<u>3.908.119</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>14.013.042</u></u>	<u><u>7.387.301</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður 3 ár

c. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

2. Kostnaður / breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar

	2016	2015
Útlagður kostnaður á árinu	5.675.115	614.927
(Lækkun) hækkun skuldbindingar	(9.744.488)	238.854
	<u>(4.069.373)</u>	<u>853.781</u>

3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2016	2015
Úttekt á kolefnisjöfnun	0	761.000
Gjaldfærð áhöld og búnaður	185.752	261.200
Skrifstofukostnaður	650.000	650.000
Rekstur vefsíðu	355.625	155.030
Endurskoðun og reikningsskil	559.780	570.792
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna, breyting	574.392	(202.176)
Markaðs- og fundarkostnaður	13.212	12.397
Þjónustugjöld vegna verðbréfavíðskipta	146.296	220.019
Annar kostnaður	8.296	565
Samtals	<u>2.493.353</u>	<u>2.428.827</u>

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Tölvubúnaður
Heildarverð 1.1.2016	1.094.419
Heildarverð 31.12.2016	<u>1.094.419</u>
Afskrifað áður	912.015
Afskrifað á árinu	<u>72.962</u>
Afskrifað samtals 31.12.2016	<u>984.977</u>
Bókfært verð 31.12.2016	<u>109.442</u>
Afskriftahlutföll	33%

Skýringar

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 961 þús. kr. í árslok.

6. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf í vörslu Landsbréfa eru bókfærð eru á markaðsverði og greinast þannig:

	2016	2015
Innlend skuldabréf	9.717.261	8.167.331
Innlend hlutabréf	1.747.492	2.117.555
	<u>11.464.753</u>	<u>10.284.886</u>

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Trygginga- sjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2016	647.000	1.769.993	6.338.697	8.755.690
Hagnaður ársins.....			12.520.706	12.520.706
Framlag í tryggingasjóð		514.943	(514.943)	0
Staða 31.12.2017	<u>647.000</u>	<u>2.284.936</u>	<u>18.344.460</u>	<u>21.276.396</u>

8. Skuldbinding vegna gróðursetningar

	2016	2015
Skuldbinding í ársbyrjun	12.406.621	12.167.766
Lækkun vegna uppfylltra skuldbindinga	(4.722.908)	(4.332.636)
(Lækkun) hækkun vegna seldrar kolefnisjöfnunar, ógróðursett	(5.021.581)	4.571.491
Skuldbinding í árslok	<u>2.662.132</u>	<u>12.406.621</u>

Gerðir hafa verið samningar við Skógræktarfélag Íslands um ræktun Kolviðarskógar á 185 ha landspildu í eigu Skógræktarfélagsins að Úlfliótsvatni. Samningurinn er til 99 ára og verður skógurinn eign Skógræktarfélagsins að samningstíma liðnum. Kveðið er á um framkvæmdir á svæðinu við vega- og slóðalagningu ásamt endurbótum á girðingum og er Kolviður skuldbundinn til þátttöku í þessum kostnaði. Fjárhæð skuldbindingarinnar hefur verið áætluð 7,6 millj. kr.

9. Seld kolefnisjöfnun og gróðursetning

	2016	2015
Seld kolefnisjöfnun í tonnum CO2	5.149	2.604
Seldur fjöldi plantna	48.373	24.460
Kolefnisjöfnun - ógróðursett, fjöldi plantna	2.945	40.924